

Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Neista



Starfsskýrsla 2011-2012

Dagskráin 2012

Æskulýðsnefndin tekur alla jafna til starfa í október. Árið 2011-2012 störfuðu 4 í nefndinni, Áslaug Inga Finnsdóttir, Jóhanna Stella Jóhannsdóttir, Sigurbjörg Þórunn Jónsdóttir og Selma Svavarsdóttir.

Á fundinum í október var dagskrá vetrarins raðað niður og var augljóst að það yrði nóg að gera fyrir börn og unglinga hjá hestamannafélaginu Neista en dagskráin var svohljóðandi:

Í nóvember 2011 – bóklegt nám í knapamerkjum

Í byrjun janúar 2012 – knapamerki 1, 2 og 3 byrja

Í lok janúar 2012 – námskeið fyrir yngri krakkana byrja

27.-29. janúar – keppnisnámskeið hjá Birnu Tryggvadóttur

5. febrúar –tölmót hjá krökkunum

4. mars – grunnskólamót Hvammstanga

18. mars – grunnskólamót Sauðárkrókur

25. mars – grunnskólamót Blönduós, lokamótið

31. mars – USAH 100 ára – sýning í Reiðhöllinni

1. maí – æskulýðssýning í Reiðhöllinni

3. júní – uppskeruhátíð

16. júní – félagsmót og úrtaka fyrir Landsmót

25. júní – 1. júlí Landsmót

Auk þessarar dagskrár tóku krakkarnir þátt í stigamótum Neista sem voru haldin í Reiðhöllinni og á ístölmóti á Svínavatni og Húnavetnsku Liðakeppninni sem var á sínum stað.

Það var því nóg í boði fyrir krakkana.

Knapamerki

Eins og árið áður var ákveðið að hafa allt bóklegt nám fyrir jól þar sem erfitt er að koma því fyrir eftir jól þar sem mikið er að gera hjá krökkum og kennurum. Verklegi hlutinn byrjaði strax á nýju ári og kennarar voru Ragnhildur Haraldsdóttir í knapamerki 1, Barbara Dittmar í knapamerki 2 og Hafdís Arnardóttir í knapamerki 3.

Í knapamerki 1 voru 4 nemendur, í knapamerki 2 voru 3 nemendur og 3 nemendur voru í knapamerki 3 en þeir tóku það á 2 árum þar sem það er mikið nám og kemur betur út að skipta því á 2 vetur. Það er mikið að gera hjá unglingum í skólanum og öðrum þáttum hestamennskunnar. Verkleg próf voru í apríl og byrjun maí og tóku flestir próf og stóðu sig með glæsibrag.

Önnur námskeið


Lítið hefur verið um námskeið fyrir þá sem eru í keppnum og vilja læra meira um þann þátt. Birna Tryggvadóttir var því fengin til að koma til Blönduóss og vera með slíkt námskeið. Hún kom síðustu helgi í janúar og var með keppnisnámskeið fyrir þá sem það vildu. Góður hópur barna og unglinga mættu og var það vel rómað. Ætlunin var að halda annað námskeið seinna um veturinn en þar sem dagskráin var svo þéttskipuð gafst aldrei tími til þess.

Í lok janúar byrjuðu námskeið fyrir krakka sem ekki komust eða vildu vera með í knapamerkjunum. Þeim var skipt í 4 hópa. Ragnhildur Haraldsdóttir var með 2 yngstu hópana. Allir þessir krakkar eru búnir að vera á námskeiðum áður og því orðin nokkuð þjálg og finnst gaman að fara hratt ☺

Margir krakkar skráðu sig í elsta hópinn en þar kenndu Ragnhildur og Barbara Dittmar, hópnum var skipt í tvennt, vanari og óvanari. Þau vanari eru búnir að vera á námskeiðum frá því að þau voru 5 ára og eru orðin nokkuð vön ýmissi vinnu innandyrá.

Grunnskólamótin

Grunnskólamót eru skemmtileg mót fyrir krakka úr grunnskólum Skagafjarðar, Austur- Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra. Æskulýðsnefndir félaganna standa að þessari mótarið. Þátttökurétt hafa börn og unglingar á grunnskólaaldri á svæðinu og keppa þau í nafni þess skóla sem þau stunda nám við, skólarnir eru alveg ótengdir mótunum að öðru leiti. Mótið er hugsað til að efla áhuga á hestaíþróttinni og gefa sem flestum kost á því að taka þátt. Mótin eru 3 og haldin í reiðhöllinni Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga, ein grein er á hverjum stað en að auki er boðið upp á skeiðkeppni á öllum mótunum fyrir 8. – 10. bekkina.



Fyrsta mót vetrarins var 4.mars á Hvammstanga og þá var keppt í fegurðarreid, tölti og skeiði. Næsta mót var á Sauðárkóki 18. mars en þar var keppt í fegurðarreid, fjörgangi og skeiði. Þriðja og síðasta mótið var haldið á Blönduósi 25. mars en þar var keppt í smala og þrautabraut fyrir 1.-3. bekk, en þar var dæmt fyrir ásetu og stjórnun en engin tímataka. Í 4.-7. og 8.-10. bekk var keppt í tíma og var 4 sek. bætt við ef keila var felld eða sleppt.

Frábær þátttaka var á öllum þessum mótum og bæði börn og fullorðnir ánægð með að taka þátt í þessu. Það er alveg klárt að þessi mót eru komin til að vera. Á þessum mótum kynnast bæði foreldrar og börn úr þessum sýslum og eiga frábæra stund saman. Á síðasta mótinu kemur í ljós hvaða skóli er hlutskarpastur í stigakeppninni og fór Varmahlíðarskóli með sigur að hólmi 4. árið í röð með 105 stig, í öðru sæti var Grunnskóli Húnaþings vestra með 94 stig, Húnavallaskóli var í þriðja sæti með 78 stig og Blönduskóli var í fimmta sæti með 39 stig.

Þar sem síðasta mótið var á Blönduósi þá voru grillaðar pylsur fyrir alla þátttakendur og verðlaun veitt fyrir stigahæsta skólann. Frábært hjá krökkunum og virkilega gaman að fylgjast með þeim.

Önnur mót

Æskulýðsnefndin hélt Gaman-saman tölmtót í reiðhöllinni 5. febrúar en þar tóku allir aldurshópar þátt og allir fengu verðlaun fyrir þátttökuna.

Eftir keppnina bauð æskulýðsnefndin uppá kökur og kaffi og það var mjög gott að setjast niður með kaffibolla og djús og eiga góða stund saman.

Neisti stóð fyrir nokkrum mótum í vetur og var það stigasöfnun hjá félögum Neista, þar sem 3 stigahæstu fengu verðlaun.

Krakkarnir tóku þátt í þessum mótum. Unglingarnir kepptu til siga en krakkarnir í barnaflokki létu sitt ekki eftir liggja og kepptu bara upp fyrir sig til að næla sér í stig.

Félagsmót Neista var haldið á Blönduósvelli 16. júní og þar mættu krakkarnir auðvitað og tóku þátt og stóðu sig frábærlega.

Landsmót

Tvö efstu í öllum flokkum fóru á Landsmót fyrir hönd Neista og stóðu sig frábærlega.

Fyrsti dagur á landsmóti og Neisti var þegar kominn með báða fulltrúa í barnaflokki í milliriðla og endaði annar þeirra í 12. sæti (hlutkesti um 11.-12. sætið). Hestur hins keppandans varð fyrir óphappi og gat því ekki keppt í milliriðlum sem var að sjálfsögðu mjög sárt.

Krakkarnir í unglingaflokki stóðu sig líka frábærlega þó þau hafi ekki komist í milliriðla eða úrslit, þá stóðu þau sig með þryði og voru félaginu til mikils sóma. Að komast á Landsmót er í bara frábær sigur út af fyrir sig.



Hestamannafélagið Neisti átti að sjálfsögðu flotta fulltrúa í hópreiðinni á fimmtudagskvöld og voru krakkarnir áberandi þar. Það er auðvitað mikið gaman hjá krökkunum að taka þátt á Landsmóti og megum við vera afar stolt af okkar upprennandi knöpum.

Sýningar

Það voru ekki bara knapamerki og mót á döfinni hjá æskulýðnum því í lok mars var 100 ára afmælisýning USAH. Sýning átti að vera stutt svo það voru 3 atriði sýnd; jafnvægisæfingar hjá yngsta hópnum, þrautabraut hjá eldri krökkunum og mynsturreið hjá þeim elstu. Bara gaman hjá öllum.

Æskulýðssýning Neista er árleg og var haldin 1. maí og tóku um 30 börn á öllum aldri þátt í henni. Mikil vinna liggur að baki sýningum en það hjálpast allir að: kennarar, foreldrar og krökkunum þykir ekkert eins skemmtilegt að hjálpa til við að búa til atriði, finna búninga, músík og allt sem þessu viðkemur. Í atriðunum sýndu þau jafnvægisæfingar, þrautabraut, mynsturreið, gangtegundir, krossgang og framfótasnúning.

Einnig voru veitt verðlaun til þeirra barna og unglinga sem sýndu mesta framför og góðan árangur í reiðmennsku árið 2011. Þau fóru fyrir hönd Neista á Landsmótið á Vinheimamelum og stóðu sig með þrýði, einnig tóku þau þátt í mörgum mótum á sl. ári og stóðu sig afar vel í alla staði.



Frábær og eftirminnilegur dagur og alltaf jafn gaman að horfa á hvað krakkarnir eru flink og hafa gaman af því að gera skemmtilegar og flottar sýningar. Eftir sýninguna var kaffi og "með því" og var fjölmenni. Gott og gaman að geta átt notalega stund saman eftir svona skemmtilega sýningu.

Uppskeruhátíð

Það var aldeilis flott veður sem æskulýðurinn og áhangendur þeirra fengu 3. júní þegar þau héldu uppskeruhátíðina sína. Það var góður hópur sem mætti við Reiðhöllina kl. 14. með hesta sína og riðu upp í Kúagirðingu. Frábær ferð og gaman að sjá hve dugleg þau eru og vel ríðandi.

Eftir reiðtúrinn var grillað og skírteini afhent og öll fengu þau gjöf fyrir hve frábærlega þau stóðu sig í vetur. Flottir krakkar.



Samantekt

Æskulýðsstarf Neista er í blóma og mikið og frjótt starf er unnið þar á ári hverju. Það má örugglega þakka áhuga og elju duglegra foreldra að þetta starf er eins gott og raun ber vitni. Margir þessara foreldra keyra börnin sín langan veg á námskeið í Reiðhöllina á Blönduósi í hverri viku, allan veturinn.

Ómetanlegt að eiga svona gott og áhugasamt fólk sem byggir upp fullt af flinkum krökkum sem verða betri og betri á hestbaki með hverju árinu.

Æskulýðsnefnd Neista